

AUGLÝSING

**um að takmörkunum á framkvæmd skurðaðgerða sem ekki teljast brýnar,
annarra ífarandi innngripa og tannlækninga, verði aflétt þann 4. maí 2020.**

Með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, hefur heilbrigðisráðherra hinn 21. apríl 2020 staðfest fyrirmæli landlæknis um að takmörkunum á framkvæmd skurðaðgerða sem ekki teljast brýnar, annarra ífarandi innngripa og tannlækninga verði aflétt þann 4. maí 2020 samkvæmt fylgiskjali með auglýsingu þessari.

Samkvæmt þessu fellur auglýsing nr. 245/2020, um fyrirmæli landlæknis um frestun valkvæðra skurðaðgerða og annarra ífarandi aðgerða, úr gildi frá og með 4. maí 2020.

Heilbrigðisráðuneytinu, 21. apríl 2020.

Svandís Svavarsdóttir.

Ásta Valdimarsdóttir.

Fylgiskjal.

FYRIRMÆLI

landlæknis um að takmörkunum á framkvæmd skurðaðgerða sem ekki teljast brýnar, annarra ífarandi innngripa og tannlækninga, verði aflétt þann 4. maí 2020.

Á meðan faraldur COVID-19 geisaði þótti brýnt að endurskipuleggja heilbrigðisþjónustu þannig að unnt væri að sinna sjúklingum með COVID-19 jafnframt því að veita aðra nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Því var gripið til þess ráðs að fresta þeim skurðaðgerðum sem ekki teldust brýnar, öðrum ífarandi innngripum og tannlækningum sem ekki teldust brýnar, sbr. auglýsingu heilbrigðisráðherra nr. 245/2020. Nú er hins vegar ljóst að faraldur COVID-19 er í rénum og að álag á heilbrigðiskerfið er minnkandi. Landlæknir hefur fengið staðfest frá forstjórum Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri að þeir telji óhætt að létta á hömlum um framkvæmd valkvæðra skurðaðgerða og ífarandi rannsókna þann 4. maí nk. samfara því sem ýmsum öðrum takmörkunum verður aflétt, að ráði sóttvarnalæknis. Þetta er með þeim fyrirvara að faraldurinn taki ekki óvænta stefnu í millitíðinni.

Landlæknir hefur því ákveðið, með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007, að beina þeim fyrirmælum til viðkomandi heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna að frá og með mánudeginum 4. maí nk. skulu felldar úr gildi þær takmarkanir sem settar voru með auglýsingu heilbrigðisráðherra nr. 245/2020 um að fresta svokölluðum valkvæðum skurðaðgerðum, öðrum ífarandi aðgerðum, t.d. greiningarrannsóknum, sem og tannlækningum sem ekki teldust brýnar. Einu gildir hvort um er að ræða framkvæmd innan eða utan spítala, af opinberum aðila eða einkaaðila.

Landlæknir beinir þeim fyrirmælum til skurðlækna, annarra hlutaðeigandi lækna sem og tannlækna sem ákvörðun þessi tekur til, að þeir upplýsi skjólstæðinga sína og geri viðeigandi ráðstafanir. Þess er vænst að læknar og tannlæknar forgangsraði meðferð þannig að þeim sem hafa brýnasta þörf, verði sinnt fyrst. Þess er enn fremur vænst að nauðsynlegum smitvörnum verði beitt og öll nauðsynleg varúð sýnd til að hindra að smit veirunnar SARS-CoV-2 berist milli manna. Bent er á viðeigandi leiðbeiningar á landlaeknir.is. Ef þörf er frekari leiðbeininga varðandi smitvarnir skal erindi sent á svl@landlaeknir.is.